


Tillaga að nýju skipuriti Vesturbyggðar.

Lagt er til að bæjarráð Vesturbyggðar samþykki eftirfarandi tillögur um skipulag stjórnsýslu Vesturbyggðar.

1. Lagt er til að eftirfarandi skipurit Vesturbyggðar taki gildi 1. maí 2019.



2. Lagt er til að þrjú svið verði stofnuð:

- **Fjármála- og stjórnsýslusvið.** Meginverkefni sviðsins er almenn þjónusta við íbúa, fyrirtæki og eigin starfsmenn og stofnanir. Umsjón með starfsmanna- og launamálum, skjalastjórnun og -varsla, bókhald, áætlanagerð, innheimta, greiðsla krafna og önnur umsjón fjármála, tölvu- og hugbúnaðarumsýsla og umsjón með vefsíðu sveitarfélagsins. Undir sviðið falla einnig menningarmál, ferðamál og atvinnumál.
- **Fjölskyldusvið.** Meginverkefni sviðsins er félagsþjónusta, barnavernd, grunnskólar, leikskólar, tónlistarskóli, íþrótt- og tómstundamál og frístundamál barna og ungmenna.
- **Umhverfis- og framkvæmdasvið.** Meginverkefni sviðsins er yfirumsjón með nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum á vegum sveitarfélagsins, fasteignum sveitarfélagsins, félagsheimilum, rekstur og viðhald veitukerfa, umhverfis- og hreinlætismál og umsjón vegna dýrahalds og meindýravarna.

Sviðin taka við verkefnum sem fallið hafa undir skrifstofu- og fjármálastjóra, félagsmálastjóra og tæknideild Vesturbyggðar.

3. Lagt er til að starf fjármála- og skrifstofustjóra verði lagt niður og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs taki við þeim verkefnum. Lagt er til að starfandi fjármála- og skrifstofustjóra verði boðið starf sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs.

4. Lagt er til að félagsmálastjóra verði boðin staða sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

5. Lagt er til að starf forstöðumanns tæknideildar Vesturbyggðar verði lagt niður og sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs taki við þeim verkefnum. Lagt er til að staða sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs verði auglýst laust til umsóknar.

6. Lagt er til að forstöðumanni tæknideildar verði boðin staða Hafnarstjóra í 50% starfi ásamt því að sinna starfi byggingarfulltrúa Vesturbyggðar í 50% starfi.
7. Lagt er til að fram til 1. maí 2019 verði breytingarnar innleiddar. Samþykktum um stjórn Vesturbyggðar breytt og þær lagðar fyrir bæjarstjórn til samþykktar tímanlega fyrir gildistöku breytingarinnar. Þá er lagt til að erindisbréf nýrra sviðsstjóra verði mótuð og gildandi starfslýsingar starfsmanna endurskoðaðar í samræmi við breytt skipulag og breytta verkaskiptingu innan sveitarfélagsins.
8. Lagt er til að bæjarstjóri hafi yfirumsjón með innleiðingu breytinganna ásamt forseta bæjarstjórnar.

Patreksfjörður, 12. febrúar 2019

Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri